

16. september 2026



Frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2027

Kynning fyrir fjárlaganefnd

Stjórnarráð Íslands
Fjármála- og
efnahagsráðuneytið

Efnisskipan kynningar

miðvikudaginn 16. september

1. Efnahagshorfur
2. Markmið og niðurstöður í ríkisfjármálum
3. Samstæðuyfirlit A-hluta í heild

fimmtudaginn 17. september

1. Tekjur ríkissjóðs
2. Útgjöld ríkissjóðs
3. Efnahagur, lánsfjármál og fjárhagsáhættur
4. Heimildir ráðherra




Efnahagshorfur

Hægagangur í efnahagsumsvifum, en ekki snörp kólnun

Vísitala efnahagsumsvifa

Vöxtur milli ára




Heimild: Fjármála- og efnahagsráðuneytið. Samsettur vísir sem byggir á mörgum hagtölum.

Slaki hefur myndast á vinnumarkaði


Störfum hefur ekki fækkað og atvinnuleysi eykst ekki hraðar en áður – en heimilin finna engu að síður fyrir minni eftirspurn á vinnumarkaði.

**Skráð atvinnuleysi eykst ekki hraðar en áður -
en hefur nálgast 5%**



**Launavísitala hefur lækkað fjórum sinnum á
síðustu sex mánuðum**

Mánaðarleg breyting launavísitölu




Undirliggjandi verðbólga hefur frekar lækkað

Mælikvarðar á undirliggjandi verðbólgu eru margir á bilinu 3-3,5%. Það, ásamt kólnun á húsnæðis- og vinnumarkaði, styður við spá Seðlabankans um hratt lækkingu verðbólgu 2027.

Undirliggjandi verðbólga er talsvert lægri en verðbólgan sjálf

Mælikvarðar á undirliggjandi verðbólgu:




Heimild: Hagstofa Íslands, fjármála- og efnahagsráðuneytið.


Horfur á vaxandi hagvexti og lækkandi verðbólgu

Frumvarpið byggir á þjóðhagsspá Seðlabankans í maí.

Hagvöxtur



Verðbólga




Kaupmáttur hefur aukist þvert á samfélagshópa

Vöxtur kaupmáttar undanfarin ár er þvert á tekjutíundir, aldurshópa og fjölskyldugerðir. Hækkun vaxta hefur þó misjöfn áhrif á aldurshópa – hallalaus fjárlög dreifa byrðunum af aðhaldi hagstjórnar.

Kaupmáttur hefur aukist hjá öllum tekjuhópum á vinnumarkaði

Meðalvöxtur kaupmáttar ráðstöfunartekna á ári:



Heimild: Fjármála- og efnahagsráðuneytið. Ráðstöfunartekjur eru allar tekjur að fráðregnum beinum sköttum og iðgjaldi í lífeyrissjóð. Miðgildi innan tíundar. Myndin sýnir fólk sem áætlað er að taki fullan þátt á vinnumarkaði.

Markmið og niðurstöður í ríkisfjármálum

Lykilatriði í fjárlagafrumvarpinu

- **Gert er ráð fyrir tæplega 5 ma.kr. afgangi á næsta ári eða 0,1% af VLF** sem er um 4 ma.kr. betri afkoma en í samþykktri fjármálaáætlun.
- **Frumjöfnuður verður jákvæður um 99 ma.kr. eða 1,8% af VLF** og batnar verulega á milli ára.
- **Skuldir skv. skuldareglu verða tæplega 38% af VLF** og breytast óverulega milli ára.

Hallalaus fjárlög

- Umtalsvert aðhald á gjaldahlið
- Skuldahlutfall helst stöðugt
- Bæta þarf lánsfjárfjöfnuð á komandi árum

Meginmarkmið í ríkisfjármálum


- **Meginmarkmið stjórnvalda í ríkisfjármálum er að stöðva hallarekstur ríkissjóðs frá og með árinu 2027 og stuðla að lækkun skuldahlutfalls á komandi árum.** Með því verði staðinn vörður um fjárhagslegan viðnámsþrótt ríkissjóðs og skapaðar forsendur fyrir hjöðnun verðbólgu og lækkun vaxta.
- Bætt afkoma verður tryggð með hóflegum útgjaldavexti, auknu aðhaldi í ríkisrekstri, forgangsröðun verkefna og ráðstöfunum sem styrkja tekjugrunn ríkissjóðs.

Langþráðu markmiði náð

Jafnvægi næst í rekstri ríkissjóðs eftir nokkurra ára samfelldan hallarekstur.


Langþráðu markmiði um hallalaus fjárlög loks náð

Heildarafkoma ríkissjóðs, % af VLF



Tekjur og gjöld ná loks jafnvægi

% af landsframleiðslu




Afkoma ríkissjóðs batnar á milli ára

Að ná hallalausum rekstri ríkissjóðs á næsta ári verður krefjandi. Verkefnið er þó viðráðanlegt og útfært í fjárlagafrumvarpinu.

Afkoma ríkissjóðs batnar umtalsvert frá núverandi stigi

% af VLF





Ráðstafanir til þess að bæta afkomu og draga úr útgjaldavexti

Tekjuhlið

Tekjuáhrif helstu skattabreytinga á ríkissjóð 2027, ma.kr. ¹	2027
Verðlagsuppfærsla krónutölugjalda ²	6,5
Bankaskattur	6,0
Gjaldtaka á ferðaþjónustu	5,0
Kílómetragjald á ökutæki	4,0
Baðlón í almennt VSK-þrep	4,0
Lækkun endurgr. VSK v/íbúðarhúsn. úr 35% í 20%	3,6
Framleiðniviðmið ³	3,1
Framlenging forvarnargjalds vegna innviða á Reykjanesskaga	1,2
Endurskoðun á frádráttarheimildum vegna atvinnurekstrar einstaklinga	0,5
Vitagjald	0,2
Samtals	34,1

1. Fjárhæðir tákna áhrif hvernar kerfisbreytingar í samanburði við óbreytt kerfi á árinu 2027. Fjárhæðir eru með hliðaráhrifum á virðisaukaskatt.

2. Krónutölugjöld hækka um 5,2%. Tekjuáhrif af breytingum eru reiknuð m.v. óbreytt gjöld.

3. Áhrif breytinga á framleiðniviðmiði að meðtöldum hliðaráhrifum á gjald í Framkvæmdasjóð aldraðra og útvarpsgjald. Tekjuáhrif eru reiknuð m.v. fyrra viðmið sem var 1%.

Gjaldahlið

Áhrif helstu útgjaldaráðstafana á ríkissjóð 2027, ma.kr.	2027
Almennt aðhald	-4,7
Fækkun stöðugilda hjá ríkinu um 1%	-3,2
Sértækar útgjaldaráðstafanir	-36,2
Nýi Landspítalinn	-8,0
Rammaáætlanir ESB	-3,5
Styrkir til orkuskipta	-3,2
Stofnframlög	-3,0
Opinber innkaup	-2,7
Bygging nýs fangelsis	-2,0
Betri samgöngur	-2,0
Endurhæfingarlífeyrir	-1,5
Framlag v. farsældarlaga	-1,1
Vaxtabætur	-0,8
<i>Aðrar sértækar ráðstafanir</i>	-8,4
Samtals	-44,2



Vöxtur útgjalda langt fyrir innan það sem reglan heimilar

Stöðugleikaregla

Stöðugleikaregla, ma.kr. á verðlagi 2026	Fjárlög 2026	Frumvarp 2027
Heildarútgjöld málefnasviða	1.685,2	1.705,2
<i>Undanskildir liðir</i>		
Vaxtagjöld	129,4	136,1
Lífeyrisskuldbindingar	80,9	79,2
Fjárfestingarframlög	87,5	79,2
Atvinnuleysisbætur	39,1	44,9
Jöfnunarsjóður, lögbundin framlög	34,7	36,2
Afskriftir skattkrafna	7,2	7,6
Tapaðar kröfur og tjónabætur	0,1	0,1
Útgjaldagrunnur stöðugleikareglu	1.306,3	1.321,9
Raunvöxtur útgjalda milli ára, %		1,2%
Raunvöxtur útgjalda milli ára		15,6
Raunvöxtur tekjuráðstafana milli ára		29,6
Útgjaldavöxtur að frádregnum tekjuráðstöfunum		-14,0
Stöðugleikaregla, % br. frá fyrra ári		-1,1%


- Stöðugleikareglan mælir fyrir um að raunvöxtur útgjalda ríkissjóðs verði að hámarki 2,0% á milli ára, að teknu tilliti til undanskilinna liða og nýrra tekjuráðstafana.
- Samkvæmt forsendum frumvarpsins er þetta hlutfall neikvætt um 1,1%, en það var neikvætt um 0,5% í forsendum fjármálaáætlunar. Aðhald ríkisfjármála á þennan mælikvarða hefur verið aukið frá vinnslu fjármálaáætlunar í vor.
- Markmiði um hallalaus fjárlög verður ekki náð án þess að hemja útgjaldavöxt umtalsvert meira en sem nemur svigrúmi reglunnar.

Aðhaldsstig ríkisfjármála allnokkuð

Endurspeglar ráðstafanir í fjárlagafrumvarpinu til þess að binda enda á hallarekstur ríkissjóðs.

Aðhaldsstig ríkisfjármála

% af VLF




Heimild: Fjármála- og efnahagsráðuneytið.

Skuldahlutfall ríkissjóðs helst stöðugt

Skuldahlutfallið jókst töluvert í kjölfar uppgjörs ÍL-sjóðs árið 2025. Forsendur fjármálaáætlunar gera ráð fyrir að skuldahlutfallið fari að lækka frá árinu 2029.

Skuldahlutfallið helst stöðugt

Skuldir ríkissjóðs skv. skuldareglu laga um opinber fjármál, % af VLF




* Heildarskuldir, að frátöldum lífeyrisskuldbindingum og viðskiptaskuldum og að fráðregnum sjóðum og bankainnstæðum.

Lánsfjárjöfnuður er lakari en heildarafkoma

Tímamismunur í álagningu og innheimtu skatta, greiðslur lífeyrisskuldbindinga og endurlán skýra muninn að miklu leyti.

Lánsfjárjöfnuður er talsvert lakari en heildarafkoma vegna kerfislægra þátta

% af VLF



Bæta þarf lánsfjárjöfnuðinn áfram til þess að tryggja lækkandi skuldahlutfall á komandi árum

Frumvarpið er í samræmi við stefnumið fjármálaáætlunar

Samanburður við fjármálaáætlun árin 2027-2031

Þjóðhagsgrunnur	ma.kr.		br.	% af VLF		br.
	Fjármála- áætlun 2027	Frumvarp 2027		Fjármála- áætlun 2027	Frumvarp 2027	
Frumtekjur	1.630,8	1.647,9	17,1	29,4	29,5	0,2
Frumgjöld	1.540,1	1.548,8	8,7	27,7	27,8	0,0
Frumjöfnuður	90,7	99,1	8,4	1,6	1,8	0,1
Vaxtatekjur	53,8	60,5	6,7	1,0	1,1	0,1
Vaxtagjöld	143,5	154,9	11,5	2,6	2,8	0,2
Vaxtajöfnuður	-89,7	-94,4	-4,8	-1,6	-1,7	-0,1
Heildartekjur	1.684,6	1.708,5	23,9	30,4	30,6	0,3
Heildargjöld	1.683,5	1.703,8	20,2	30,3	30,5	0,2
Heildarjöfnuður	1,1	4,7	3,6	0,0	0,1	0,1

- Frá samþykkt fjármálaáætlunar hafa afkomuhorfur batnað um 4 ma.kr. Efnahagsforsendur hafa breyst á þann veg að nú er gert ráð fyrir meiri verðbólgu á yfirstandandi ári og því næsta en jafnframt minni hagvexti.
- Tekjur hækka um 24 ma.kr. í kjölfar uppfærðar þjóðhagsspár, upplýsinga um innheimtu og ríkisreiknings 2025. Umfang tekjuráðstafana hækkar lítillega frá forsendum fjármálaáætlunar.
- Heildarútgjöld aukast um 20 ma.kr. og vega þar þyngst 11 ma.kr. hækkun vaxtagjalda og 9 ma.kr. vegna launa- og verðlagsbóta umfram viðbótar hagræðingaraðgerðir.

Afkomuhorfur yfirstandandi árs eru lakari en áætlun fjárlaga

Horfur ársins 2026 samanborið við fjárlög

Þjóðhagsgrunnur	ma.kr.		br.	% af VLF		br.
	Fjárlög 2026	Horfur 2026		Fjárlög 2026	Horfur 2026	
Frumtekjur	1.539,8	1.542,9	3,1	29,1	29,0	-0,1
Frumgjöld	1.472,7	1.499,3	26,6	27,9	28,2	0,4
Frumjöfnuður	67,1	43,6	-23,5	1,3	0,8	-0,4
Vaxtatekjur	53,0	57,8	4,7	1,0	1,1	0,1
Vaxtagjöld	148,2	168,9	20,7	2,8	3,2	0,4
Vaxtajöfnuður	-95,2	-111,1	-15,9	-1,8	-2,1	-0,3
Heildartekjur	1.592,8	1.600,7	7,9	30,1	30,1	0,0
Heildargjöld	1.620,9	1.668,2	47,2	30,7	31,4	0,7
Heildarjöfnuður	-28,1	-67,5	-39,4	-0,5	-1,3	-0,7

- Áætlað er að heildarafkoma ríkissjóðs verði neikvæð um rúmlega 39 ma.kr. umfram það sem gert var ráð fyrir í fjárlögum, og verður afkoman þannig neikvæð um 1,3% af VLF.
- Heildartekjur eru nánast óbreyttar sem hlutfall af VLF og breytast hlutfallslega lítið frá fyrri áætlun.
- Stærstur hluti fráviksins er tilkominn vegna aukinna útgjalda sem einkum má rekja til vaxtagjalda og aukinna útgjalda Sjúkratrygginga Íslands.



Samstæðuyfirlit A-hluta í heild

Samstæðuyfirlit A-hluta í heild

Sbr. 50. gr. laga um opinber fjármál

A-hluta samstæða

A1

Starfsemi sem er einkanlega fjármögnuð með skatttekjum, lögbundnum þjónustutekjum og framlögum.

A2

Starfsemi lána- og fjárfestingarsjóða og önnur starfsemi sem er rekin undir stjórn ríkisins og stendur undir sér með sölu á vöru og þjónustu, leigu og lánastarfsemi.

A3

Starfsemi hlutafélaga sem eru að meiri hluta í eigu ríkissjóðs en sinna hlutverkum á sviði opinberrar þjónustu samkvæmt alþjóðlegum hagskýrslustöðlum.

*A1-hluti sbr. 1. gr.
fjárlaga og kafla 3, 4 og
5 í greinargerð*

*A2-, og A3-hluti sbr.
kafla 6 í greinargerð*

*Samstæðuyfirlit A-hluta í heild
sbr. kafla 7 í greinargerð*

Yfirlit yfir flokkun ríkisaðila í A2- og A3-hluta

Sbr. 6. kafla greinargerðar með frumvarpinu. Áætlun B-hluta aðila er í 8. kafla.

Ríkisaðili	Flokkun
Byggðastofnun	A-2
Eignasafn ríkiseigna	
Húsnæðissjóður	
Menntasjóður námsmanna	
Náttúruhamfaratrygging Íslands	
Betri samgöngur ehf.	A-3
Eignahlutir ehf.	
Fasteignafélagið Þórkatla hf	
Fasteignir Háskóla Íslands ehf.	
Göng og brú ehf. (Vaðlaheiðargöng hf.)	
Harpa ehf.	
Leigufélagið Bríet ehf.	

Ríkisaðili	Flokkun
Lindarhvoll ehf.	A-3
Neyðarlínan ohf.	
Nýr landspítali ohf.	
Rannsókn- og háskólanet Ísl.	
Ríkisútvarpið ohf.	
Sítus ehf.	
Storð ehf	
Tæknigarður ehf.	
Tæknisetur ehf.	
Vísindagarðar HÍ ehf.	
Þjóðarhöll ehf	
Þróunarfélag Kefl.flugv.ehf.	
Öryggisfjarskipti ehf.	

Samstæðuyfirlit A1, A2 og A3-hluta

Innbyrðis viðskipti eru áætluð annars vegar með upplýsingum um framlög til rekstrar úr ríkissjóði úr samstæðureikningi A2- og A3-hluta sem sett er fram í kafla 6 og hins vegar með áætlun um önnur innbyrðis viðskipti miðað við sögulega þróun.

Þjóðhagsgrunnur, m.kr.	A1-hluti	A2-hluti	A3-hluti	Innbyrðis viðskipti	Samstæða
Frumtekjur	1.647.928	32.339	57.242	-46.295	1.691.214
Frumgjöld	1.548.818	26.173	51.625	-46.295	1.580.321
Frumjöfnuður	99.109	6.167	5.617	0	110.893
% af VLF	1,9%	0,1%	0,1%	0,0%	2,1%
Vaxtatekjur	60.524	29.093	1.555	-13.285	77.886
Vaxtagjöld	154.949	28.323	11.943	-13.285	181.930
Fjármagnsjöfnuður	-94.426	770	-10.389	0	-104.044
% af VLF	-1,8%	0,0%	-0,2%	0,0%	-2,0%
Heildartekjur	1.708.451	61.432	58.796	-59.580	1.769.100
Heildarútgjöld	1.703.768	54.495	63.568	-59.580	1.762.252
Heildarjöfnuður	4.683	6.937	-4.772	0	6.848
% af VLF	0,1%	0,1%	-0,1%	0,0%	0,1%



17. september 2026



Frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2027

Kynning fyrir fjárlaganefnd

Stjórnarráð Íslands
Fjármála- og
efnahagsráðuneytið

Efnisskipan kynningar

miðvikudaginn 16. september

1. Efnahagshorfur
2. Markmið og niðurstöður í ríkisfjármálum
3. Samstæðuyfirlit A-hluta í heild

fimmtudaginn 17. september

1. Tekjur ríkissjóðs
2. Útgjöld ríkissjóðs
3. Efnahagur, lánsfjármál og fjárhagsáhættur
4. Heimildir ráðherra



Tekjur ríkissjóðs (A1-hluta)

Helstu forsendur tekjuáætlunar

Skattatölfræði

- Álagning opinberra gjalda og annarra skatta
- Innheimta skatta og annarra tekna
- Ríkisreikningur (IPSAS-staðlar)
- Uppgjör Hagstofu (þjóðhags-reikningastaðall)

Skattkerfið

- Ákvæði skattalaga og reglugerðir
- Ný áform um skattkerfisbreytingar
- Skattframkvæmd

Efnahagsmál

- Þjóðhagsspá Seðlabanka Íslands
 - Hagvöxtur
 - Atvinna
 - Verðbólga
 - Kaupmáttur
 - Einkaneysla
 - Launaþróun
 - o.fl.

Annað

- Ytri breytur, t.d. aflamagn, erlendir ferðamenn, o.fl.
- Hegðunarbreytur
- Teygnistuðlar
- Óreglulegir liðir
- O.fl.




Þróun tekjuáætlunar

Rekstrargrunnur, m.kr.	2025 ¹	Áætlun		% af VLF		
		Horfur 2026	Frumvarp 2027	2025	Horfur 2026	Frumvarp 2027
Skatttekjur	1.127.423	1.242.056	1.333.212	22,8	23,4	23,9
Skattar á tekjur og hagnað	505.358	565.250	591.500	10,2	10,6	10,6
Skattar á launagr. og vinnuafl	9.968	13.903	14.727	0,2	0,3	0,3
Eignarskattar	14.199	17.033	16.622	0,3	0,3	0,3
Skattar á vöru og þjónustu	572.454	618.089	674.955	11,6	11,6	12,1
Tollar og aðflutningsgjöld	7.718	8.371	8.671	0,2	0,2	0,2
Aðrir skattar	17.725	19.411	26.736	0,4	0,4	0,5
Tryggingagjöld	153.419	162.733	170.917	3,1	3,1	3,1
Fjárframlög	12.519	8.156	9.218	0,3	0,2	0,2
Aðrar tekjur	180.411	187.711	195.105	3,6	3,5	3,5
Eignatekjur	114.550	132.988	132.969	2,3	2,5	2,4
Vaxtatekjur	46.874	57.758	60.524	0,9	1,1	1,1
Arður og hluti af tekjum ríkisft.	52.446	59.713	49.622	1,1	1,1	0,9
Aðrar eignatekjur	15.230	15.517	22.824	0,3	0,3	0,4
Sala á vöru og þjónustu	58.881	46.621	53.372	1,2	0,9	1,0
Ýmsar tekjur	6.980	8.102	8.763	0,1	0,2	0,2
Heildartekjur ríkissjóðs	1.473.771	1.600.656	1.708.451	29,7	30,1	30,6

¹ Byggt á tölum Hagstofu Íslands í júní 2026.

Heildartekjur 8 ma.kr. meiri en í fjárlögum 2026

Meiri tekjur af tekjusköttum sem og vaxtatekjum á móti minni VSK







Virðisaukaskattur er þriðjungur skatttekna

Samsetning tekna ríkisins af sköttum og tryggingagjöldum 2027

Ma.kr. (Hlutdeild)



Áætlaðar tekjur 2027 hækka um 24 ma.kr. frá fjármálaáætlun 2027-2031





Áætlaðar arðtekjur árið 2027 eru 50 ma.kr.

Arður og hluti af tekjum B-hluta fyrirtækja (m.kr.)	Áætlun 2026	Áætlun 2027
<i>Arður</i>		
Landsbankinn hf.	34.000	22.100
Landsvirkjun	20.200	21.000
Landsnet	2.900	2.900
Aðrir	971	1.871
Arður alls	58.071	47.871
<i>Hluti af tekjum B-hluta fyrirtækja</i>		
ÁTVR	750	750
Framlag frá Húsnæðissjóði	892	1.001
Hluti af tekjum B-hluta fyrirtækja alls	1.642	1.751
Arður og hluti af tekjum B-hluta fyrirtækja alls	59.713	49.622

Tekjur af arði frá félögum eru settar fram samkvæmt GFS-staðlinum. Á rekstrargrunni er arðgreiðsla tekjufærð að því marki sem hún er ekki umfram hlutdeild ríkisins í áætluðum hagnaði af reglulegri starfsemi félags. Á greiðslugrunni er arðgreiðslan færð til fulls, óháð hagnaði félags. Í áætlun fyrir árin 2026 og 2027 eru arðgreiðslur ekki umfram hagnað af reglulegri starfsemi og tekjur því hinar sömu á rekstrargrunni og greiðslugrunni.

Ráðstafanir á tekjuhlið nema 34,1 ma.kr.

Tekjuáhrif helstu skattabreytinga á ríkissjóð 2027, ma.kr. ¹	2027
Verðlagsuppfærsla krónutölugjalda ²	6,5
Bankaskattur	6,0
Gjaldtaka á ferðapjónustu	5,0
Kílómetragjald á ökutæki	4,0
Baðlón í almennt VSK-prep	4,0
Lækkun endurgr. VSK v/íbúðarhúsn. úr 35% í 20%	3,6
Framleiðniviðmið ³	3,1
Framlenging forvarnargjalds vegna innviða á Reykjanesskaga	1,2
Endurskoðun á frádráttarheimildum vegna atvinnurekstrar einstaklinga	0,5
Vitagjald	0,2
Samtals	34,1



1. Fjárhæðir tákna áhrif hvernar kerfisbreytingar í samanburði við óbreytt kerfi á árinu 2027. Fjárhæðir eru með hliðaráhrifum á virðisaukaskatt.

2. Krónutölugjöld hækka um 5,2%. Tekjuáhrif af breytingum eru reiknuð m.v. óbreytt gjöld.

3. Áhrif breytinga á framleiðniviðmið að meðtöldum hliðaráhrifum á gjald í Framkvæmdasjóð aldraðra og útvarpsgjald. Tekjuáhrif eru reiknuð m.v. fyrra viðmið sem var 1%.

Ofmetið framleiðnivíðmið hefur hliðrað jaðarmörkum í tekjuskatti

Fram til ársins 2022 var raunskattskrið¹, nú er það öfugt.



1) Raunskattskrið er þegar viðmiðunarfjárhæðir tekjuskattkerfisins halda ekki í við tekjuþróun. Hluti tekna fer því í hærra skattþrep og meðalskatthlutfall einstaklinga hækkar.

2) Tekjustofn í þriðja þrepi vísar til einstaklinga sem hafa tekjur sem ná yfir tekjumörk 3. þreps. Fjöldi þeirra sem greiddi tekjuskatt í 3. þrepi var í raun minni vegna fyrri ívilnunar um samnýtingu þrepa.


Áhersla á jafnræði atvinnugreina og tekjuskilvirkni VSK

- Dregið verður úr frávikum frá almennum reglum VSK-kerfisins
 - Endurgreiðsluhlutfall VSK á vinnu við íbúðarhúsnæði lækkar úr 35% í 20%
 - VSK á gufuböð, baðlón og skylda starfsemi færirst í almennt VSK-þrep
- Stuðlar að
 - einföldun VSK og betri tekjuskilvirkni
 - jafnræði atvinnugreina
 - minni eftirspurnarþrýstingi í hagkerfinu til skamms tíma
 - aðlögun að jafnvægi og forsendum fyrir lækkun vaxta

Skattastyrkir 2027

Áherslan á að fækka undanþágum í skattkerfinu birtist í minni skattastyrkjum

Skattastyrkir sem hlutfall af VLF



- **Helstu breytingar 2027.** Dregið úr skattastyrkjum fyrir vinnu við íbúðarhúsnæði og aðgangseyri að gufuböðum og baðlónum
- **Skattastyrkir hafa farið minnkandi.** Ívilnanir fyrir rafbíla og auknar endurgreiðslur í faraldrinum juku skattastyrki í VSK tímabundið 2020–2023
- **Neðra þrep VSK** er stærsta einstaka tegund skattastyrkja, 67%
- **Aukin sundurliðun** á helstu tegundum skattastyrkja er í áætluninni og unnið að frekari umbótum í mati á fjárhæðum og öðrum upplýsingum um einstaka skattastyrki

Gjöld ríkissjóðs (A1-hluta)

Heildarútgjöld málefnasviða - samsetning

Heildarútgjöld málefnasviða er sett fram samkvæmt IPSAS reikningsskilastaðlinum

Heildarútgjöld ríkissjóðs skv. 1. gr. fjárlaga er sett fram á þjóðhagsgrunni sbr. GFS-hagskýrslustaðlinum

Um mun á framsetningu er fjallað í viðauka í greinargerð með frumvarpinu

Rammasett útgjöld

- Útgjaldarammar málefnasviða og málaflokka

Undanskildir liðir


- Lífeyrisskuldbindingar
- Afskriftir skattkrafna
- Tapaðar kröfur og tjónabætur
- Ríkisábyrgðir
- Framlög til Atvinnuleysistryggingasjóðs
- Framlög til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga

Vaxtagjöld ríkissjóðs

Heildarútgjöld ríkisjóðs

Heildarútgjöld ríkissjóðs 2027 eru **1.765 ma.kr.** og aukast um **20 ma.kr.** eða 1,2% frá fjárlögum 2026 að launa- og verðlagsbótum undanskildum.

Breytingar á heildarútgjöldum frá fjárlögum 2026 án launa-, gengis- og verðlagsbreytingum





Dæmi um ný verkefni og aukin framlög

Fjárhæðir í m.kr.

Öryggi og alþjóðasamstarf

Varnartengd verkefni og alþjóðasamstarf	2.400
Hættumat og vöktun - Veðurstofa Íslands	450

Menntun, rannsóknir og menning

Styrking háskólastigsins	1.300
STEM-áherslur og námsgagnaútgáfa	700
Listamannalaun, menningarsjóðir og safnastarfsemi	490
Fjölgun nemenda í framhaldsskólum	300
Sóknargjöld	200

Ferðapjónusta

Átak í markaðssetningu ferðapjónustu	330
--------------------------------------	-----

Heilbrigði og velferð

Fæðingarorlofssjóður – aukin framlög	5.400
Sjúkratryggingar – aukin þjónustupörf og stytting biðlista	4.800
Ný hjúkrunarrými – rekstur og leiga	3.400
Ný matsdeild við bráðamóttökuna í Fossvogi	1.000
Hækkun frítekjumarks ellilífeyrisþega	1.000
Þjónusta við börn með fjölþættan vanda	800
Efling sérnáms lækna	650

Samgöngu- og fjarskiptamál

Framlög til vegakerfisins	1.600
Styrkir til almenningssamgangna á landsbyggðinni	1.000

Aðhaldsaðgerðir draga úr útgjaldavexti

Aðhald í rekstri er 18,5 ma.kr. og í fjárfestingum 25,7 ma.kr.

Áhrif helstu útgjaldaráðstafana á ríkissjóð 2027, ma.kr.	2027
Almennt aðhald	-4,7
Fækkun stöðugilda hjá ríkinu um 1%	-3,2
Sértækar útgjaldaráðstafanir	-36,2
Nýi Landspítalinn	-8,0
Rammaáætlanir ESB	-3,5
Styrkir til orkuskipta	-3,2
Stofnframlög	-3,0
Opinber innkaup	-2,7
Bygging nýs fangelsis	-2,0
Betri samgöngur	-2,0
Endurhæfingarlífeyrir	-1,5
Framlag v. farsældarlaga	-1,1
Vaxtabætur	-0,8
Aðrar sértækar ráðstafanir	-8,4
Samtals	-44,2



Fjárfestingar- og fjármagnstilfærslur

Umfangsmiklar fjárfestingar í mikilvægum innviðum

Fjárfestingarframlög og fjármagnstilfærslur, ma.kr.	Fjárlög 2026	Frumvarp 2027
Samgöngu- og fjarskiptamál		
Vegagerðin	34,7	32,9
Betri samgöngur	6,9	5,1
Nýsköpun, rannsóknir og þekkingargreinar		
Styrkir til nýsköpunarfyrirtækja	14,7	13,0
Rannsóknar og tæknisjóðir	6,6	6,5
Rammaáætlanir ESB um menntun, rannsóknir og tækniþróun	6,1	2,8
Heilbrigðismál		
Nýi Landspítalinn	21,6	12,0
Legudeild við sjúkrahúsið á Akureyri	3,0	3,1
Félags- og tryggingamál		
Húsnæðisstuðningur	8,9	5,9
Húsnæði vegna öryggisvistunar fullorðinna	0,5	1,3
Almanna- og réttaröryggi		
Uppbygging nýs fangelsis	2,6	3,9
Mennta- og menningarmál		
Þjóðarhöllin	1,2	2,4
Aðrar framkvæmdir		
Nýbygging við Stjórnarráðið	0,5	1,3
Annað	37,7	31,5
Fjárfestingarframlög og fjármagnstilfærslur¹	145,3	121,6

- Heildarfjárheimildir til fjárfestinga og fjármagnstilfærslna eru 121,6 ma.kr. og lækka um 23,7 ma.kr. frá fjárlögum 2026.
- Lækkunin leiðir ekki til breytinga á framkvæmda- og tímaáætlunum helstu verkefna en skýrist af endurmati fjárveitinga með hliðsjón af nýtingu þeirra undanfarin ár, s.s. til byggingaframkvæmda, húsnæðisstuðnings og rammaáætlana ESB.

¹Fjárhæðir í töflu byggja á fjárheimildum hvors árs. Til viðbótar við fjárheimildir ársins geta uppsafnaðar heimildir verið nýttar.

Verðlagsforsendur útgjaldahliðar

Alls nema launa- og verðlagsbætur fjárlagafrumvarps 2027 tæpum 60 ma.kr.

	ma.kr.
Launabreytingar.....	24,7
Endurmat á launaforsendum fjárlaga fyrri ára.....	11,1
Áætlaðar launabætur 2026.....	13,6
Almennar verðlagsbreytingar.....	12,5
Hækkun bóta almannatrygginga.....	20,4
Hækkun atvinnuleysisbóta.....	1,8
Gengisbreytingar.....	0,5
Samtals.....	59,9

- **Verðlagsuppfærsla nemur samtals 59,9 ma.kr.** Fjárheimildir eru færðar á áætlað verðlag ársins 2027 miðað við þjóðhagsspá Seðlabankans, gerða kjarasamninga og meðalgengi í júlí 2026.
- **Launabreytingar nema 24,7 ma.kr.** Þar af eru 11,1 ma.kr. vegna endurmats fyrri ára og 13,6 ma.kr. vegna 3,8% meðalhækkunar launataxta árið 2027.
- **Bætur hækka um samtals 22,2 ma.kr.** Bætur almannatrygginga hækka um 7,3% og útgjöld um 20,4 ma.kr., atvinnuleysisbætur hækka um 4,0% og útgjöld vegna þeirra um 1,8 ma.kr.
- **Almennt verðlag og gengi hækka útgjöld um 13,0 ma.kr.** Önnur rekstrargjöld en laun hækka um 3,6%, eða 12,5 ma.kr., og gengisbreytingar leiða til 0,5 ma.kr. hækkunar.

Samningar

Heildarumfang skuldbindandi samninga ríkissjóðs er umtalsvert.


- **537 samningar** eru í gildi á árinu.
- Þar af eru **227 samningar** um rekstrar- og þjónustuverkefni og **310 samningar** um styrktar- og samstarfsverkefni.
- Heildarútgjöld samninganna eru áætluð **292 ma.kr.**, eða sem nemur **19% af frumútgjöldum ríkissjóðs**.

Áhersla er lögð á að auka yfirsýn og styrkja undirbúning, samþykkt og eftirfylgni samninga þannig að fjármunir ríkisins nýtist með hagkvæmum og árangursríkum hætti.

Efnahagur, lánsfjármál og fjárhagsáhættur


Skuldir A-hluta hins opinbera hækka lítillega árið 2027

Hlutfall skulda af VLF (Maastricht skilgreining)



Skuldahlutfall skv. skuldareglu óbreytt árið 2027


Skuldahlutfall hins opinbera skv. skuldareglu



Næstu ár eru þéttsetin gjalddögum ríkisbréfa


Endurgreiðsluferill skulda ríkissjóðs í júlí 2026

Ma.kr.




Skuldir hins opinbera eru í meðallagi í evrópskum samanburði

Skuldir í hlutfalli af VLF árið 2025




Vaxtagjöld hins opinbera eru há í evrópskum samanburði

Vaxtagjöld í hlutfalli af VLF árið 2025




Vaxtagjöld eru næm fyrir verðbólgu

Vaxtagjöld A1-hluta ríkissjóðs í hlutfalli af VLF




Vaxtamunur við BNA hefur minnkað

Mismunur 10 ára ávöxtunarkröfu ríkisbréfa í BNA og á Íslandi



Erlendir fjárfestar hafa keypt íslensk ríkisbréf þrátt fyrir minnkandi vaxtamun við útlönd


Ríkisbréf í erlendri eigu
Ma.kr. og hlutfall af heild



Ríkisábyrgðir halda áfram að lækka


Ríkisábyrgðir (2025)

% af VLF



Ríkisábyrgðir (júní 2025 - júlí 2026)

m.kr.





Heimildir ráðherra

6. gr. Fjárlaga - Heimildaákvæði

Í 40. gr. stjórnarskrár Íslands kemur fram að ekki megi selja eða með öðru móti láta af hendi neina af fasteignum ríkisins né afnotarétt þeirra nema samkvæmt lagaheimild.

Í 46. gr. laga um opinber fjármál kemur einnig fram að afla skuli heimilda í lögum til að kaupa, selja, skipta eða leigja til langs tíma fasteignir, skip og flugvélar, söfn og safnhluta sem hafa að geyma menningarverðmæti, eignarhluti ríkisins í félögum og aðrar eignir sem verðgildi hafa.

Lagaheimildir til þessara ráðstafana hafa venju samkvæmt verið veittar í 6. gr. fjárlaga að undangengnu samráði við þá ríkisaðila sem bera ábyrgð á þeim málaflokkum sem um ræðir.

Sala fasteigna

- Að selja eða ráðstafa með öðrum hætti flugstöð á Aðaldalsflugvelli.
- Að selja Hafnarstræti 1 á Ísafirði.
- Að selja Dugguvog 52 og Skipholt 37 í Reykjavík
- Að selja Laufásveg 14 í Reykjavík
- Að selja eða ráðstafa með öðrum hætti Vesturgötu 62 á Akranesi.
- Að heimila Fasteignum Háskóla Íslands ehf. að selja Hofsvallagötu 53 í Reykjavík.

Kaup og sala hlutabréfa og aðrar ráðstafanir vegna umsýslu félaga

- Að auka við hlutafé innviðafélagsins Ganga og Brúar ohf. í því skyni að auka fjárfestingargetu félagsins til að standa undir fjármögnun og mikilvægra samgöngumannvirkja, sbr. lög um innviðafélag nr. 70/2026.

Ýmsar heimildir

- Að heimila Nýsköpunarsjóðnum Kríu, sem er sprota- og nýsköpunarsjóður í eigu ríkisins, að fjárfesta fyrir allt að 500 m.kr. í samræmi við fjárfestingaráætlun sjóðsins
- Að heimila sölu og ráðstöfun eininga sem kunna að myndast við uppgjör loftslagsskuldbindinga á grundvelli Evrópuregluverks í samráði við ráðherra loftslagsmála.
- Að taka yfir skuldabréf hjá Ríkisútvarpinu ohf., f.h. ríkissjóðs, sem útgefið var vegna uppgjors á lífeyrisskuldbindingum í B-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins.
- Að ganga til samninga um sölu eða aðra ráðstöfun á lánum eða lánaflokkum sem veittar hafa verið af Húsnæðissjóði.

